

Nd.

472. Breytingartillaga

við frv. til áfengislaga.

Frá Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 12. gr. Annar másl. fyrri málsgr. orðist svo:

Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni:

- a. að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag,
- b. að lögreglustjórum skuli heimilt að loka útsölu eða veitingastað fyrirvaralaust um einn eða fleiri daga, þegar þeim virðist ástæða til,
- c. að sölulaun áfengis í útsölum og veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, mismunandi fyrir útsölur og veitingastað,
- d. að áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar skuli óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.